



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á úrræðum og umsóknum
um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu
sex mánuðum áráanna 2018 - 2021

Júlí 2021

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum áráanna 2018, 2019, 2020 og 2021 sem og upplýsingar frá Barnahúsi.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknir um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu voru færri á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan, eða 77 umsóknir samanborið við 81 umsókn. Sé aftur á móti miðað við sama tímabil árið 2019 voru umsóknirnar fleiri. Því er ljóst að miklar sveiflur eru á fjölda umsókna á milli ára. Flestar umsóknir sem bárust voru vegna MST, eða 50 umsóknir. Alls barst 21 umsókn vegna Stuðla á fyrstu sex mánuðum ársins 2021, en slíkar umsóknir voru 20, 13 og 15 á sama tímabili áráanna 2018-2020. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 37,7% og fleiri umsóknir um meðferð bárust vegna drengja en stúlkna, líkt og fyrri ár.

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru færri á tímabilinu janúar til júní 2021 en á sama tímabili árin 2019 og 2020, en fleiri en bárust á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fóstur, en slíkar beiðnir voru þó nokkuð færri en á sama tímabili áráanna á undan. Fleiri beiðnir bárust vegna stúlkna en drengja fyrstu sex mánuði ársins 2021.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 29 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 og voru því fleiri en á sama tíma árið á undan, þegar 25 umsóknir bárust.

Mikil aukning í Barnahúsi

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 164 á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 í 245 fyrir sama tímabil á árinu 2021, en þau voru 108 og 133 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 og 2018. Skýrslutökur fyrir dómi voru 167 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021, 109 fyrir sama tímabil árið á undan en 62 og 63 á fyrstu sex mánuðum áráanna 2018 og 2019. Sú fjölgun sem má sjá á fyrsta hálfu ári 2021, miðað við sama tímabil ársins 2020, má helst rekja til fjölgunar skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis. Á tímabilinu janúar til júní 2021 voru skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis tvöfalt fleiri en á sama tímabili árið 2020. Nú er staðan sú að fjöldi skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 eru fleiri en allt árið 2018, allt árið 2019 og nánast jafn margar og allt árið 2020. Skýrslutökur vegna líkamlegs og heimilisofbeldis voru 58 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 sem eru aðeins fleiri skýrslutökur en á sama tímabili árið 2020, eða 55. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 78 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021. Er það svipaður fjöldi og árið 2018 þegar könnunarviðtölin á sama tímabili voru 71. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl fyrstu sex mánuði ársins 2021, líkt og fyrri ár.

Vistunardögum fækka á Stuðlum

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 96 í 68 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 446 dögum á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 í 319 daga fyrir sama tímabil á árinu 2020. Alls komu 40 börn á lokaða deild á fyrstu sex mánuðum ársins 2021, en þau voru 45 á sama tímabili árið 2020.


Umsóknir um meðferð

Umsóknir um meðferð eftir meðferðarúrræði

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir fyrstu 6 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	20	22,2	13	18,6	15	18,5	21	27,3
Önnur meðferðarheimili*	14	15,6	12	17,1	6	7,4	6	7,8
MST	56	62,2	45	64,3	60	74,1	50	64,9
Alls	90	100	70	100	81	100	77	100

* Laugaland og Lækjarbakki.



Á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 barst 21 umsókn vegna meðferðardeildar Stuðla. Líkt og hér má sjá voru umsóknir á meðferðardeild Stuðla nokkuð fleiri fyrstu sex mánuði ársins 2021 heldur fleiri en fyrstu sex mánuði árána á undan, að undanskildu árinu 2018.

Á tímabilinu janúar til júní 2021 bárust sex umsóknir vegna annarra meðferðarheimila og eru það jafn margar umsóknir og höfðu borist á sama tímabili ársins 2020. Árið 2018 og 2019 bárust tvöfalt fleiri umsóknir á fyrstu sex mánuðum árána.

Þá bárust 50 umsóknir vegna MST fyrstu sex mánuði ársins 2021, sem eru heldur færri umsóknir en fyrsta sex mánuði ársins 2020.

Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	33	36,7	32	45,7	25	30,9	23	29,9
Nágrenni Reykjavíkur*	33	36,7	18	25,7	34	42,0	25	32,5
Landsbyggð	24	26,7	20	28,6	22	27,2	29	37,7
Alls	90	100	70	100	81	100	77	100

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	52	57,8	45	64,3	48	59,3	42	54,5
Stúlkur	38	42,2	25	35,7	33	40,7	34	44,2
Annað ¹	-	-	-	-	-	-	1	1,3
Alls	90	100	70	100	81	100	77	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


Á fyrri helmingi ársins 2021 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 37,7% allra umsókna. Er það hærra hlutfall en árunna á undan.

Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði ársins 2021 vegna meðferðarúrreða, voru vegna drengja, ólíkt því sem mátti sjá fyrstu þrjá mánuði ársins, en í takt við fyrri ár.

Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs fyrstu 6 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	34	54,0	56	63,6	56	59,6	33	44,0
Varanlegt	18	28,6	20	22,7	17	18,1	23	30,7
Styrkt	11	17,5	12	13,6	21	22,3	19	25,3
Alls	63	100	88	100	94	100	75	100



Beiðnir um fósturheimili voru nokkuð færri fyrstu sex mánuði ársins 2021 en þær voru fyrstu sex mánuði árána 2019 og 2020, eða 75 umsóknir samanborið við 88 og 94. Árið 2018 bárust þó færri umsóknir á sama tímabili, eða 63 umsóknir.

Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs, sem þó voru heldur færri en fyrri ár. Á fyrsta hálfu ári 2021 bárust 33 umsóknir vegna tímabundins fósturs, samanborið við 56 umsóknir á sama tímabili bæði árið 2019 og 2020. Fjöldi beiðna á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 vegna varanlegs fósturs voru heldur fleiri en árið 2020 og beiðnir vegna styrkts fósturs voru tveimur færri.

Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	17	27,0	31	35,2	41	43,6	22	29,3
Nágrenni Reykjavíkur*	23	36,5	25	28,4	21	22,3	24	32,0
Landsbyggð	23	36,5	32	36,4	32	34,0	29	38,7
Alls	63	100	88	100	94	100	75	100

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	33	52,4	42	47,7	45	47,9	36	48,0
Stúlkur	30	47,6	46	52,3	49	52,1	39	52,0
Alls	63	100	88	100	94	100	75	100

Flestar beiðnir um fósturheimili bárust á tímabilinu janúar til júní 2021 voru vegna barna sem bjuggu á landsbyggð, eða 38,7% allra umsókna.

Beiðnir um fósturheimili fyrir stelpur voru aðeins fleiri en beiðnir um fósturheimili fyrir stráka, en kynjahlutfallið er svo gott sem það sama og síðastliðin tvö ár.

Þjónusta í Barnahúsi


Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti fyrstu 6 mánuði hvers árs fyrir sig

Þjónusta í Barnahúsi

	2018	2019	2020	2021
Rannsóknarviðtöl	133	108	164	245
a. Skýrslutökur*	62	63	109	167
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	39	42	54	109
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi</i>	23	21	55	58
b. Könnunarviðtöl	71	45	55	78
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	0	2	2	1
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáradila</i>	0	1	0	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	57	68	70	69
Læknisskoðanir	6	2	0	6

*Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, í sex tilvikum árið 2020 og í fimm tilvikum árið 2021.

Skýrslutökur



Strax á fyrstu mánuðum ársins mátti greina mikla aukningu skýrslutaka í Barnahúsi, sé miðað við árin á undan. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 voru skýrslutökur 167 en það eru 53% fleiri skýrslutökur en voru teknar á fyrstu sex mánuðum ársins 2020.

Flestar skýrslutökur varða kynferðislegt ofbeldi eða 65,3% allra skýrslutaka. Þá voru skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis tvöfalt fleiri á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 en á sama tímabili árið

2020. Skýrslutökur fyrstu sex mánuði ársins 2021 er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 58, sem er svipaður fjöldi skýrslutaka og á sama tímabili 2020. Þá má nefna að árið 2020 voru óvenju margar skýrslutökur vegna líkamlegs ofbeldis, miðað við árin á undan.


Kyn barna sem sóttu þjónustu í Barnahúsi

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	59	44,4	39	36,1	64	39,0	74	30,2
Stúlkur	74	55,6	69	63,9	100	61,0	171	69,8
Alls	133	100	108	100	164	100	245	100

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á tímabilinu janúar til júní 2021 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára.

Skýrslutökur í Barnahúsi samanborið við allt árið, árána á undan



Hér fyrir ofan má sjá samanburð á fjölda skýrslutaka fyrstu sex mánuði ársins 2021 samanborið við allt árið síðustu þriggja ára á undan.

Hér má sjá að á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 voru skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis fleiri en allt árið 2018, allt árið 2019 og nánast jafn margar og allt árið 2020.

Eins má benda á að á tímabilinu janúar til júní 2021 var heildarfjöldi skýrslutaka vegna líkamlegs og heimilisofbeldis fleiri en allt árið 2018 og 2019. Þá nemur fjöldi skýrslutaka vegna líkamlegs ofbeldis fyrsta hálfu árið 2021 um helming allra slíkra skýrslutaka árið 2020, en það árið voru óvenju margar skýrslutökur vegna líkamlegs ofbeldis.

Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla fyrstu 6 mánuði hvers árs fyrir sig

Lokuð deild á Stuðlum	2018	2019	2020	2021
Fjöldi vistana	111	98	96	68
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	739	508	446	319
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	31	35
Fjöldi einstaklinga	55	49	45	40

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	30	54,5	27	55,1	32	71,1	30	75,0
Stúlkur	25	45,5	22	44,9	13	28,9	10	25,0
Alls	55	100	49	100	45	100	40	100

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 68 á fyrstu sex mánuðum ársins 2021, en það eru heldur færri vistanir samanborið við árin á undan. Vistunardagar voru alls 354 í janúar fram í júní 2021 en 477 á sama tímabili 2020.

Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla fyrstu sex mánuði ársins 2021 voru 40 börn, og þar af var yfirgnæfandi meirihluti strákar.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar fyrstu 6 mánuði hvers árs fyrir sig

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni*	21	56,8	13	59,1	9	36,0	19	65,5
Vesturland	3	8,1	3	13,6	2	8,0	0	0,0
Vestfirðir	1	2,7	1	4,5	2	8,0	3	10,3
Norðurland	4	10,8	2	9,1	3	12,0	3	10,3
Austurland	2	5,4	0	0,0	1	4,0	0	0,0
Suðurland	5	13,5	1	4,5	7	28,0	3	10,3
Reykjanes	1	2,7	2	9,1	1	4,0	1	3,4
Samtals	37	100,0	22	100	25	100	29	100

*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 29 á tímabilinu janúar fram í júní 2021.